


Áramótagleði 2007/2008



Brennusöngvar Skerfirðinga

SÖNGTEXTAR Í STAFRÓFSRÖÐ

NR:	NAFN TEXTA:	BLS.:
1.	AFMÆLISDIGTUR	2
2.	ÁLFADANS	2
3.	ÁLFAREIÐIN	2
4.	Á SPRENGISANDI	2
5.	BRAGGABLÚS	3
6.	EF ÞÚ GIFTIST	3
7.	EINU SINNI ÁTTI ÉG HEST	3
8.	ELSKU VINURINN GÓÐI	3
9.	ÉG VEIT ÞÚ KEMUR	4
10.	FLY ON THE WINGS OF LOVE	4
11.	GAMLI SORRÝ GRÁNI	4
12.	HIN GÖMLU KYNNI	4
13.	HUDSON BAY	5
14.	ICELANDIC COWBOY	5
15.	Í HLÍÐARENDAKOTI	5
16.	KOMDU INN Í KOFANN MINN	5
17.	KVEIKJUM ELD	6
18.	KRUMMAVÍSUR	6
19.	LITLA FLUGAN	6
20.	MÁNALJÓÐ	6
21.	Ó BORG, MÍN BORG	6
22.	ÓLAFUR LILJURÓS	7
23.	Ó, MARÍA, MIG LANGAR HEIM	7
24.	SPÁÐU Í MIG	7
25.	TÆTUM OG TRYLLUM	7
26.	UNDIR DALANNA SÓL	8
27.	VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA ..	8
28.	VÉR GÖNGUM SVO LÉTTIR	8
29.	VIÐ GENGUM TVÖ	8
30.	VILTU MEÐ MÉR VAKA	8
31.	VÍSUR ÍSLENDINGA	9
32.	ÞAÐ LIGGUR SVO MAKALAUST ...	9
33.	ÞEGAR HNÍGUR HÚM AÐ ÞORRA ..	9
34.	ÞORRAÞRÆLL	10

1. Afmælisdigtur

Í Skólavörðuholtið hátt
hugurinn skoppar núna.
Þar var áður kveðið kátt
og kalsað margt um trúna.

Þar var Herdís. Þar var smúkt.
Þar skein sól í heiði.
Þar var ekki á hækjum húkt
né hitt gert undir leiði.

Ef þú ferð á undan mér
yfrí sælli veröld,
taktu þá á móti mér
með þín sálarkeröld.

En ef ég fer á undan þér
yfrí sælustraffið,
mun ég taka á móti þér.
Manga gefur kaffið.

2. Álfadans

Máninn hátt á himni skín, hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft bleik þau lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hrað-fleyg stund.

Kyndla vora hefjum hátt, horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum dunar ísinn grár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hrað-fleyg er stund.

Komi hver sem koma vill komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli dunar ísinn blár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hrað-fleyg

- sóló -

Góða veislu gjöra skal þar sé geng í dans.
Kveð ég um kóng Pípin og Ólöfu dóttur hans.
Stígum fastar á fjöl spörum ei vorn skó.
Guð mun ráða hvar við dönsum næstu jól.

Mánin hátt á himni skín, hrímfölnur & grár.
Líf og tími líður og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft bleik lýsa um grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn og hrað-fleyg er stund.

3. Álfareiðin

Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég út við skóg, -
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra, og bar þá að mér fljótt, -
og bjöllurnar gullu á heiðskirri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund, -
hornin jóa gullroðnu bliku við lund, -
eins og þegar álftrir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýtt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallaði að mér?

4. Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
:,:Drottinn leiði dröslinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.:,:

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.
:,:Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.:,:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
:,:Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.:,:

5. Braggablús

Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann,
bráðum sér hún Skuggabaldur skunda hjá.
Enn einn túrinn, stúrin, olíu á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aur að fá.

Í vetur, betur gekk henni að galdra
til sín glaða og kalda karla sem oft gáfu aur.
En Magga í sagga, situr ein í bragga
á ekki fyrir olíu er alveg staur.

Fyrst kom bretinn, rjóður, yndislega góður
þá bjó hún Magga á Borginni í bleikum kjól.
Svo kom kaninn, þaninn, kommúnistabaninn
þá kættist Magga ofsarlega og hélt sín jól.

Svo færðist aldur yfir eins og galdur
og ávallt verra og verra var í karl að ná.
Nú er Magga stúrin því olíu á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aur að fá.

Ein í bragga Magga, gægist út um gluggann
bráðum sér hún Skugga Baldur skunda hjá.
Enn einn túrinn, stúrin, olíu á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aur að fá.

Í vetur betur gekk henni að galdra
til sín glaða og kalda karla sem oft gáfu aur.
En Magga í sagga situr ein í bragga
á ekki fyrir olíu er alveg staur.

6. Ef þú giftist

Ég skal kaupa þér kökusnúð
með kardíommum og sykurhúð,
ef þú giftist, ef þú bara giftist, ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í tå
og góða skó til að dansa á,
ef þú giftist, ef þú bara giftist, ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt
að aldrei við þurfum að kynda neitt,
ef þú giftist, ef þú bara giftist, ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög
og leika undir á stóra sög,
ef þú giftist, ef þú bara giftist, ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,
svo finni þig ekkert pólití,
ef þú giftist, ef þú bara giftist, ef þú giftist mér.

7. Einu sinni átti ég hest

Einu sinni átti ég hest
ofurlítinn, bleikan,
það var sem mér þótti verst
þegar merin sveik hann.

Einu sinni átti ég hest
ofurlítinn, skjóttan,
það var sem mér þótti verst
þegar dauðinn sótti hann.

Einu sinn átti ég hest
ofurlítinn, rauðan,
það var sem mér þótti verst
þegar mamma sauð hann.

8. Elsku vinurinn góði

Nú er úti norðanvindur
nú er hvítur Esjutindur
ef ég ætti úti kindur
myndi ég láta þær allar inn
elsku bestu vinurinn.
:: Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ::

Upp er runninn öskudagur
ákaflega skýr og fagur
einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból
góðan daginn - gleðileg jól.
:: Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ::

Elsku bestu stálagrér
heyriðu hvað ég segi þér -
þú hefur étið úldið smér
og dálítið af snæri
elsku vinurinn kæri.
:: Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ::

Þarna sé ég fé á beit
ei er því að leyna
nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina
Skilurðu hvað ég meina?
:: Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ::

Höfði stingur undir væng
hleypur nú á snærið.
Hún Gunna liggur undir sæng
öll nema annað lærið.
Nú er tækifærið.
:: Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ::

9. Ég veit þú kemur

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Ég trúi ekki á orðin þín,
ef annað segja stjörnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var
sko áður en þú veist, þú veist.
Og þetta eina sem útaf bar
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna, þegar tunglið hefur tölt um langan veg,
þá tölum við um drauminn sem við elskum, þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Ég trúi ekki á orðin þín,
ef annað segja stjörnur tvær.

10. Fly On The Wings Of Love

In the summer night
When the moon shines bright
Feeling love forever
And the heat is on

When the daylight is gone
Still - happy together
There is just one more thing I would like to add
She is the greatest love I've ever had

Fly on the wings of love
Fly baby fly
Reaching the stars above
Touching the sky

And as time goes by
There is a lot to try
And I'm feeling lucky
In the softest sand

Smiling hand in hand
Love is all around me
There's just one more thing I would like to add
She is the greatest love I've ever had

Fly on the wings of love
Fly baby fly
Reaching the stars above
Touching the sky

11. Gamli sorry Gráni

Gamli sorry Gráni er gagnlaus og smáður
gisinn og snjáður, meðferð illri af.

Hann er feyskinn og fúinn og farinn og lúinn
Og brotinn og búinn að vera
Hann er þreyttur og þvældur og þunglyndur spældur
beiskur og bældur í huga

Gamli sorry Gráni er gagnlaus og smáður
gisinn og snjáður, meðferð illri af.

Hann er beygður og barinn og brotinn og marinn
og feigur og farinn á taugum
Hann er knýttur og kalinn og karoní falinn
Ó hvað hann er kvalinn af öllum.

Gamli sorry Gráni er gagnlaus og smáður
gisinn og snjáður, meðferð illri af.

12. Hin gömlu kynni

Hin gömlu kynni gleymast ei,
enn glóir vín á skál.
Hin gömlu kynni gleymast ei
né gömul tryggðamál.

Ó, góða, góða, gamla tíð
með gull í mund.
Nú fyllum báðir bikarinn
og blessum liðna stund.

Við leiddumst fyrr um laut og hól,
er lóan söng í mó.
En draumar svifu, söngur hvarf
úr Silfrastaðaskóg

Hin gömlu kynni gleymast ei
enn glóir vín á skál.
Hin gömlu kynni gleymast ei
né gömul tryggðarmál.

Við leiddumst fyrr um laut og hól,
er lóan söng í mó.
En draumar svifu, söngur hvarf
úr Silfrastaðar skóg.

Við óðum saman straum og streng
og stóðumst bylgjufall.
En seinna hafrótt mæðu og meins
á millum okkar svall.

Þótt sortnað hafi sól og lund,
ég syng und laufgum hlyn
og rétti mund um hafið hált
og heilsa gömlum vin.

13. Hudson bay

ég byggði mér hús við hafið
og hafið sagði ó key
hér er ég og heiti
hudson bay

í kvöldsins hægláta húmi
heyrði ég bylgjunnar sog
þannig er þessi heimur
það er og

og hjarta mitt fylltist friði
og farmannsins dreygnu ró
ég hugsaði um allt sem ég unni
og þó

í nótt mun ég krókna úr kulda
í kofa við hudsons bay
þú mikli eilífi andi
ó key.

14. Icelandic cowboy

I'm an Icelandic cowboy
on my Icelandic pony.
I travel around in the west.
I know all the ways around Snæfellsnes
'cause that's where my baby stays.

I've been to the east, and I've been to the west.
I've been to the north and the south.
Once I met there an old polar bear
but I found out he had a big mouth.

That's why I'm singing for you, forgotten cowboys,
forgotten cowboys of the world.
Come to Iceland, 'cause it's a nice land
and you can shake the shepherds hand.
And if you come to Iceland you can join the local band

15. Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman,
þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Úti' um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.

Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

16. Komdu inn í kofann minn

Komdu inn - í kofann minn,
er kvölda og skyggja fer.
Þig skal aldrei iðra þess
að eyða nótt hjá mér.
Við ævintýraeldana
er ýmislegt að sjá,
og glaður skal ég gefa þér
allt gullið sem ég á,

tíu dúka tyrkneska
og töfraspegla þrjá
níu skip frá Noregi
og naut frá Spánía,
austurlenskan aldingarð
og íslenskt höfuðból
átta gráa gæðinga
og gylltan burðarstól,

fjaðraveifu fannhvíta
og franskan silkikjól,
eyrnahringi, ennisþöng
og alabastursskrín,
hundrað föt úr fílabeini
full með þrúguvín
og lampa þann, sem logaði
og lýsti Aladdin.

Komdu inn í kofann minn,
er kvölda og skyggja fer.
Alltaf brennur eldurinn
á arninum hjá mér.
Ég gleymdi einni gjöfinni,
og gettu, hver hún er.
Ég gleymdi bestu gjöfinni,
ég gleymdi sjálfum mér.

17. Kveikjum eld

Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur,
sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.
Örar blóð, örar blóð um æðar rennur,
blikar glóð, blikar glóð, brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.
Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur,
sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.

18. Krummavísur

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
/: verður margt að meini :/
Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
/: undan stórum steini :/

Allt er frosið úti gor,
ekkert fæst við ströndu mor
/: svengd er metti mína :/
Ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
/: sleppi úr sorpi að tína :/

Öll er þakin ísi jörð
ekki séð á holtaborð
/: fleygir fuglar geta :/
En þó leiti út um mó
auða hvergi lítur tó;
/: hvað á hrafn að eta :/

Krummi svaf

19. Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Og ef ég væri orðin lítil fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

20. Mánaljóð

Máninn fullur fer um geiminn
fagrar langar nætur.
Er hann kannski að hæða heiminn
hrjáðan sér við fætur?
Fullur oft hann er
það er ekki fallett, ónei.
Það er ljótt
að flækjast þar, að flækjast þar
á fyllirí um nætur.

Stjáni fullur fer um stræti,
fagrar tunglskinsnætur.
Fullur ástar, ungrar kæti,
elskar heimasætur.
Þannig oft hann er,
það er ekki fallett, ónei.
Það er ljótt,
því ein er hér og önnur þar
og Efemía grætur.

21. Ó borg, mín borg

Ó borg, mín borg,
ég lofa ljóst þín stræti,
þín lágu hús og allt sem fyrir ber.
Og þótt tárið oft minn vanga væti
er von mín einatt, einatt bundin þér.

Og hversu sem að aðrir í þig narta,
þig, eðla borg, sem forðum prýddir mig.
Svo blítt, svo blítt sem barnsins unga hjarta
er brjóst mitt fullt af minningum um þig.

Um sið, um sið ég kem og krýp þér aumur
og kyssi jafnvel hörðu strætin þín.
Því af þér fæddist lífsmíns ljósi draumur,
eitt lítið barn og það var ástin mín.

22. Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram,
villir hann, stillir hann,
hitti fyrir sér álfa rann,
þar rauður loginn brann,
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram.

Þar kom út ein álfamær,
villir hann, stillir hann,
gulli snúið var hennar hár,
þar rauður loginn brann,
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram.

"Velkominn, Ólafur Liljurós!
Gakk í björg og bú með oss"

"Ekki vil ég með álfum búa.
Heldur vil ég á Krist minn trúa."

Vendi ég mínu kvæði í kross,
villir hann, stillir hann,
Sankti María sé með oss,
þar rauður loginn brann,
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram.

23. Ó, María, mig langar heim

Hann sigldi út um höfin blá í sautján ár
og sjómennsku kunni hann upp á hár.
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Viðlag:

Ó, María, mig langar heim,
ó, María, mig langar heim,
því heima vil ég helst vera
ó, María hjá þér.
Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar.
En aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María.....

Svo kom að því hann vildi halda heim á leið,
til hennar, sem sat þar og beið og beið.
Hann hætti til sjós tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María.....

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.
Hann ferðast ei meira um ókunn lönd.
En María bíður og bíður enn,
hún bíður og vonar hann komi nú senn

24. Spáðu í mig

kvöldin eru kaldlynd út á Nesi
kafaldsbylur hylur hæð & lægð
kalinn & með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð:

spáðu í mig
þá mun ég spá í þig
spáðu í mig
þá mun ég spá í þig.

nóttin hefur augu eins og flugan
& eflaust sér hún mig þar sem ég fer
heimulega á þinn fund að fela
flöskuna og mig í hendi þér

spáðu í mig ...

finnst þér ekki esjan vera sjúkleg
& akrafjallið geðbilað að sjá
ef ég bið þig um að flýja með mér
til omdúrman þá máttu ekki hvá

spáðu í mig ...

& kvöldin eru kaldlynd út á Nesi
kafaldsbylur hylur hæð & lægð
kalinn & með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð

spáðu í mig ...

25. Tætum og tryllum

Tætum og tryllum og tækið nú þenjum
í botni eitthvað lengst upp í sveit,
tröllum og tjúttum og tókum svo lagið
í lundi hvar enginn veit.

Allir eru í finu formi,
enginn nennir neinu dormi
því nóttin er löng þó að lífið sé stutt og
allir fara í sveitarferð...

Allt er í fína og enginn vill sýn' af sér
sút eða sorg í kvöld,
Konráð og Ræna, hani og hæna,
fatt' að hér er gleðin við völd.

Allir eru í finu formi,
enginn nennir neinu dormi
því nóttin er löng þó að lífið sé stutt og
allir fara í sveitarferð.

26. Undir Dalanna sól

Undir Dalanna sól, við minn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för.
Undir Dalanna sól, hef ég lifað mín ljóð
ég hef leitað og fundið mín svör.
.: Undir Dalanna sól, hef ég gæfuna gist
stundum grátið en oftár í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól, á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og skjól. .:.

27. Vegir liggja til allra átta

Vegir liggja til allra átta
enginn ræður för,
hugur leitar hljóðra náttu
er hlógu orð á vör
og laufsins græna á garðsins trjám
og gleðipyts í blænum.
Þá voru hjörtun heit og ör
og hamingja í okkar bænum.

Vegir liggja til allra átta
á þeim verða skil,
margra er þrautin þungra náttu
að þjást og finna til
og biða þess að birti á ný
og bleikur morgunn rísi.
Nú strýkur blærinn stafn og þil
stynjandi í garðsins hrísi.

28. Vér göngum svo léttir í lundu

Vér göngum svo léttir í lundu,
því lífsgleðin blasir oss við.
Við lifum á líðandi stundu,
við lokkandi söngvanna klið.
Tra-ra-la-la- - - -

Vér göngum og syngum hér saman,
því söngurinn hann er vort mál,
og nú verður glaumur og gaman,
nú gleðjist hver einasta sál.
Tra-ra-la-la- - - -

29. Við gengum tvö

Við gengum tvö, við gengum tvö
í rökkuró,
við leiddumst hljóð, við leiddumst hljóð
um ungan skóg.
þú varst yndi, þú varst yndi
og ástin mín,
og stundin áfeng, stundin áfeng
eins og vín.

Við hlýddum tvö, við hlýddum tvö
í húmi ein,
er blærinn kvað, er blærinn kvað
við blöð og grein.
Ég var nóttin, ég var nóttin
þögla þín,
og þú varst eina, þú varst eina
stjarnan mín.

Á meðan norðurljósinn leiftra
um bláan himininn,
þá sit ég ein og þrái
kveðjukossinn þinn.

30. Viltu með mér vaka

Viltu með mér vaka í nótt,
vaka á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ,
viltu með mér vaka í nótt?
Vina mín kær,
vonglaða mær,
ætið ann ég þér, ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.

31. Vísur Íslendinga

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonarhýrri brá?
Eins og á vori laufi skryðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá.
Og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að beztu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Látum því, vinir, vínið andann hressa,
og vonarstundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og bezt að snúa öllum þeirra hag.
Látum ei sorg né söknuð vínið blanda,
þó senn í vinahópinn komi skörð,
en óskum heilla og heiðurs hverjum landa,
sem heilsar aftur vorri fósturjörð.

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,
því táradöggvar falla stundum skjótt,
og vinir berast burt á tímans straumi,
og blómin fölna á einni hélunótt. -
Því er oss bezt að forðast raup og reiði
og rjúfa hvergi tryggð né vinarkoss,
en ef við sjáum sólskinsblett í heiði
að setjast allir þar og gleðja oss.

Látum því, vinir, vínið andann hressa
og vonarstundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og bezt að snúa öllum þeirra hag.
Því meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að beztu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

32. Það liggur svo makalaust

Það liggur svo makalaust ljómandi á mér,
mér líkar svo vel hvernig heimurinn er,
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Viðlag:

Hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ,
hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ.
Mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.
Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,
mér allt sýnist hringsnúast, stólar og borð.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Hæ, dúllía...

Samt líð ég hér áfram í indælis ró,
í algleymis dillandi löngunarfró.

Já, þetta er nú algleymi, ef algleymi er til
því ekkert ég man eða veit eða skil.

Hæ, dúllía...

33. Þegar hnígur húm að Þorra

Þegar hnígur húm að Þorra,
oft ég hygg til feðra vorra,
:::og þá fyrst og fremst til Snorra.
sem framdi Háttatal.::

Áður sat hann skýr at Skúla,
og þar skálda lét sinn túla,
:::bæði' um hann og Hákon fúla,
sem hirti frelsi vort.::

Fögur knáttu gullker geiga,
sem að gaman væri' að eiga,
:::full af safu sætra veiga,
er sveif á alla drótt.::

Snorri kallinn kunni' að svalla,
og að kæta rekka snjalla,
:::þegar húmi tók að halla
í höllu Skúla jarls.::

Og hann þoldi þreyta bögur,
og að þylja fornar sögur,
:::já, allt fram til klukkan fjögur
þá fór hann í sitt ból.::

34. Þorrapræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin. -
Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél,
yfir móa og mel
myrkt sem hel.

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
Brátt er búið autt,
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein
gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

„Bónði minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa, en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.

SÖNGTEXTAR Í STAFRÓFSRÖÐ

NR:	HEITI TEXTA:	BLS.:
1.	AFMÆLISDIGTUR	2
2.	ÁLFADANS	2
3.	ÁLFAREIÐIN	2
4.	Á SPRENGISANDI	2
5.	BRAGGABLÚS	3
6.	EF ÞÚ GIFTIST	3
7.	EINU SINNI ÁTTI ÉG HEST	3
8.	ELSKU VINURINN GÓÐI	3
9.	ÉG VEIT ÞÚ KEMUR	4
10.	FLY ON THE WINGS OF LOVE	4
11.	GAMLI SORRÝ GRÁNI	4
12.	HIN GÖMLU KYNNI	4
13.	HUDSON BAY	5
14.	ICELANDIC COWBOY	5
15.	Í HLÍÐARENDAKOTI	5
16.	KOMDU INN Í KOFANN MINN	5
17.	KVEIKJUM ELD	6
18.	KRUMMAVÍSUR	6
19.	LITLA FLUGAN	6
20.	MÁNALJÓÐ	6
21.	Ó BORG, MÍN BORG	6
22.	ÓLAFUR LILJURÓS	7
23.	Ó, MARÍA, MIG LANGAR HEIM	7
24.	SPÁÐU Í MIG	7
25.	TÆTUM OG TRYLLUM	7
26.	UNDIR DALANNA SÓL	8
27.	VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA ..	8
28.	VÉR GÖNGUM SVO LÉTTIR	8
29.	VIÐ GENGUM TVÖ	8
30.	VILTU MEÐ MÉR VAKA	8
31.	VÍSUR ÍSLENDINGA	9
32.	ÞAÐ LIGGUR SVO MAKALAUST ...	9
33.	ÞEGAR HNÍGUR HÚM AÐ ÞORRA ..	9
34.	ÞORRAPRÆLL	10